

GJALDSKRÁ

Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. fyrir sorphirðu og sorpeyðingu.

1. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. setja eftirfarandi gjaldskrá að fenginni tillögu stjórnar byggðasamlagsins fyrir sorphirðu og meðhöndlun úrgangs og annast innheimtu gjaldanna innan síns sveitarfélags.

2. gr.

Íbúðarhúsum, frístundahúsum, fyrirtækjum, lögaðilum og öðrum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skipar viðkomandi sveitarfélag í flokk eftir áætluðu magni úrgangs. Gjaldið skal vera eftirfarandi:

	Íbúðarhús	Frístundahús	Lögbýli***	Atvinnuhúsnæði
Grunngjald kr.*	21.147	21.147	9.069	21.147
Íláttagjald kr.**	23.180			
Samtals kr.	44.327	21.147	9.069	21.147

Gjald fyrir heimsendan gám kr. 22.500.

* Sorpeyðingargjald tekur til reksturs sorpkerfisins, s.s. reksturs gámastöðvar og förgunar- og endurvinnsluleiða. Greiðsla grunngjalds veitir viðkomandi aðilum aðgengi að sorpkerfinu og afsetningu á heimilisúrgangi.

** Íláttagjald er einungis lagt á heimili og innifelur það gjald leigu og losun á ílátum.

*** Grunngjald er lagt á lögbýli sem hafa umfang umfram hefðbundið heimili, þ.e. séu fasteignir umfram íbúð og bílskúr á lögbýli, er lagt á það grunngjald.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samin af stjórn Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. og samþykkt af sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaga byggðasamlagsins. Gjaldskráin er sett í samræmi við 10. gr. samþykktu byggðasamlagsins og 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1135/2017.

Hellu, 13. desember 2018.

F.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.,

Ágúst Sigurðsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. janúar 2019